

Sjávarútvegsstefna SUF

Inngangur

Undanfarin misseri hafa komið fram ýmsar tillögur til breytinga á fiskveiðistjórnunarkerfinu. Ungir framsóknarmenn telja verulega ágalla fylgja báðum þeim kostum sem mest hafa verið í umræðunni, samningaleiðinni og fyrningarleiðinni.

Hugmyndin sem hér er lögð fram snýst um að fara uppboðsleið við úthlutun aflamarks. Hluti allra aflaheimilda færi á opinn uppboðsmarkað árlega, þar sem öllum eigendum skipa og báta yrði gert kleift að bjóða í þær eftir ákveðnum reglum. Slíkt kerfi tryggir hreyfingu á aflaheimildum, opnar fyrir nýliðun, er þjóðhagslega hagkvæmt, kemur í veg fyrir skuldasöfnun og skilar arði til samfélagsins.

Með hóflegri innleiðingu þessarar uppboðsleiðar á að vera tryggt að núverandi útvegsfyrirtæki verði fyrir litlum skakkaföllum auk þess sem leiðin gefur greininni tækifæri til að keppa á samkeppnisgrundvelli þar sem góð og vel rekin fyrirtæki geta blómstrað.

Uppboðsleiðin:

1. Almenn um nýtingarrétt og uppboðsmarkað

Nýtingarréttinn á öllu aflamarki á að bjóða upp á opnum uppboðsmarkaði. Á hverju ári er ákveðið hlutfall aflaheimilda tekið til uppboðs. Greiða skal fyrir nýtingarréttinn að fullu við afhendingu og gera um hann bindandi samning. Óheimilt er að selja veiðiheimildir nema í gegnum uppboðsmarkaðinn.

Ef handhafi nýtingarréttar fer í þrot fer allur nýtingarrétturinn strax á uppboð en situr ekki í þrotabúinu. Þrotabúið fær þó réttmætan hlut félagsins af sölu heimilda á uppboðsmarkaðnum.

2. Skipting andvirðis nýtingarréttar eftir uppboð


Að loknu uppboði fær fyrverandi handhafi þess nýtingarréttar sem tekinn var til uppboðs greitt 50-60% af þeirri upphæð sem fyrir hann fékkst. Hinn hlutinn rennur til ríkisins og skiptist þar á jafnt milli auðlinda- og ríkissjóðs.

3. Framkvæmd

Tvær leiðir eru mögulegar við innköllun og endurúthlutun aflaheimilda á uppboðsmarkað.¹


a) 4% af núverandi aflaheimildum og síðar hverjum upphaflegum samningi um aflaheimildir fara á uppboð á hverju ári.

Dæmi: Ef 100 tonn eru keypt á uppboði fara á hverju ári 4 tonn á markað aftur, bæði á ári 1 eftir samning og ári 20. Hér myndi allur nýtingarrétturinn hafa farið í gegnum uppboð aftur



að 25 árum liðnum.

b) 6% af heildaraflaheimildum útgerðar fara á uppboð á hverju ári. Með þessu móti tekur lengri tíma að innkalla allar aflaheimildir útgerðar til enduruppboðs þó meira magn fari af þeim í upphafi.



Útfærsla markaðarins getur verið með ýmsum hætti. Hér á eftir fer hugmynd að útfærslu:

Markaðurinn er framkvæmdur í þrepum þrjá mánuði á ári t.a.m. í janúar, apríl og júlí. Í Hverjum þessara mánaða fer fram uppboð á 1/3 þeirra veiðiheimilda sem fara á uppboð það árið.

Markaðurinn fer fram á vefsíðu þar sem útgerðir geta boðið í eins mikið af heimildum og þær vilja fyrir hvaða verð sem er. Setja má boð inn hvenær sem er mánaðar og í lok mánaðar er efstu boðum tekið. Söluverð allra aflaheimilda er það sama og mótast af lágsta tekna boði á því uppboði.

Hvert uppboð er lokað og er útgerð heimilt að senda inn eitt boð á hvert uppboð. Allir fá svo aðgang að niðurstöðum uppboðsins. Veiðiheimildir eru greiddar og afhentar við fiskveiðiáramót, þann 1. september ár hvert. Útgerðir verða að nefna báta og skip í sinni eigu fyrir uppboð.

4. Leyfileg hlutdeild nýtingarréttar

Eignist útgerð yfir 8% af heildaraflamarki skal hún skrá sig á opinn hlutbrefamarkað í Kauphöll Íslands. Engin útgerð má hafa yfirráð yfir meira en 10% af heildaraflamarki.

5. Innleiðing

Til að milda innleiðingu kerfisins skal aðeins innkalla 1% fyrsta árið og bæta svo við 1% hvert ár (1. árið fer 1%, 2. árið 2%, 3. árið 3% o.s.fr.) þar til hámarki (4% eða 6%) er náð. Ljóst er að miðað við núverandi aðstæður, þar sem mikilvægustu veiðistofnar landsins eru að stækka, munu veiðiheimildir útgerða í tonnum ekki skerðast heldur í raun aukast. Þar

með á hófleg innleiðing uppboðsleiðarinnar ekki að valda íslensku bankakerfi óviðráðanlegu tjóni.

6. **Aflamarkskerfi og krókaaflamarkskerfi**

Viðhalda má flokkun aflamarks í almennt aflamarkskerfi og krókaaflamarkskerfi til að tryggja dreifingu milli báta og skipa. Allar tegundir báta og skipa gætu boðið í flokk almenns aflamarks en í flokk krókaaflamarks gætu smábátar eingöngu boðið.

7. **Bann við veðsetningu**

Veðsetning nýtingarréttar er með öllu óheimil. Verði útgerð og lánveitandi hennar uppvís að því að veðsetja skip ásamt veiðarfærum eða annan búnað, umfram raunvirði, verða viðurlög fyrir báða aðila.

8. **Veiðiskylda**

Handhöfum nýtingarréttar er skilt að veiða a.m.k 80% af nýtingarrétti sínum hvert fiskveiðiár en mega leigja hin 20% á hverju ári ella verða þau réttindi sem eru umfram veiðigetgu boðin upp á næsta uppboði.

Dæmi: Útgerð sem veiðir 70% aflaheimilda sinna missir 10% aukalega á uppboð.

Útgerðum verður heimilt að skipta á tegundum í gegnum mánaðarlegan uppboðsmarkað ríkisins. Þar verða eingöngu boðin skipti á tegundum.

9. **Veiðarfæragjald**

Auðlindagjald verður fellt niður. Veiðarfæragjald verður sett á. Gjaldið skal vera mismunandi með áherslu á skaðsemi veiðarfæra og þjóðhagslega hagkvæmni. Hámark gjaldsins verður t.d. 35 kr. á kíló m.v. þorskígildi en 0 kr. fyrir skaðlaus og hagkvæm veiðarfæri. Tekjur vegna gjaldsins skulu renna $\frac{1}{3}$ til Hafrannsóknarstofnunar og rannsókna á sviði sjávarútvegs, $\frac{1}{3}$ til umhverfisumbóta á mikilvægum hafsvæðum og $\frac{1}{3}$ til nýsköpunar.

Veiðarfæragjald verður ákveðið af nefnd skipaðri af Hafrannsóknarstofnun, Umhverfisstofnun, Seðlabankanum/Fjármálaráðuneytinu og Sjávarútvegsráðuneytinu.

10. **Byggðakvóti**

Byggðakvóti skal vera 1-2% af heildaraflamarki bolfisks.

11. Strandveiði

Strandveiði skal nýtast sem leið til nýliðunar. Til strandveiða verður ráðstafað 3,5 - 7% af heildaraflamarki í bolfisk.

Úthlutun til svæða verður miðuð við fjölda báta á hverju svæði umfram ákveðinn fasta t.d. 500 tonn. Landinu verður skipt upp í fjögur svæði eftir landshlutum.

Aflaum skal dreift á báta í stað daga innan svæðis eftir að skráningum til veiða er lokið 1. september ár hvert. Reglum um sóknardaga verður aflétt og bátum þannig gert kleift að veiða þann afla sem þeim verður úthlutað hvenær árs sem er.

Í lok fiskveiðiárs verður ónýttum heimildum úr kerfinu dreift á þá báta sem veiddu sínar heimildir og kæmu þar með til heimilda árið eftir.

Bátar með kvóta umfram 50 þorskígildistonn fá ekki strandveiðiheimildir. Réttur til strandveiða rýrnar í hlutfalli við keyptan nýtingarrétt báta. Hlutdeild strandveiðiheimilda rýrnar þannig um 2% fyrir hvert tonn sem keypt er af heimildum. Báti með 25 tonna kvóta er því heimilt að veiða 50% af úthlutaðum strandveiðiheimildum. Þegar bátur eignast 50 tonn skal hann skila strandveiðileyfi sínu til ríkisins enda það orðið óvirkt. Leyfinu verður þá endurúthlutað.

Hér er um að ræða hvata fyrir strandveiðibáta til að kaupa sig inn í stærra kerfið og þar með hleypa nýjum aðilum inn í strandveiðikerfið.

Leyfum verður úthlutað út árið 2012 og óheimilt að selja eða flytja til leyfi nema skila þeim til ríkisins.

Sambærileg regla mætti eiga við um þá sem selja kvóta, þá gæti aðili sem selt hefur heimildir ekki fullnýtt strandveiðileyfi nema t.d. að fimm árum liðnum frá sölu heimilda. Á hverju ári myndi rétturinn þá aukast um 20%. Tvemur árum frá sölu heimilda myndi réttur til strandveiða vera 40%, 4 árum eftir 80% og að fimm árum liðnum yrði rétturinn 100%.

12. Eftirlit

Efla og endurskoða þarf eftirlit með framkvæmd veiða og löndunar. Allur afli skal ávalt vera vigtaður af vigtarmönnum ríkisins. Allan hagkvæmlega nýtanlegan afla skal taka í land. Hér skal taka mið af hagsmunum þjóðarinnar en ekki eingöngu útgerða. Sjávarútvegsráðuneytið

skal móta staðla yfir eðlileg hlutföll afurða s.s. magn af lifur m.v. flök, hrognum m.v. tíma árs, hausum, afskurði o.s.frv. Ráðuneytið skal einnig framkvæma reglulega greiningu á hagkvæmni þess að hækka eða lækka þessa staðla.

Eftirlit með stærri skipum skal vera framkvæmt með innsigliðum og nettengdum myndavélum líkt og í nágrannaríkjum okkar.

Samantekt

Ábati uppboðsleiðarinnar:

Kerfið er tilraun til að móta leið sem bæði útgerðir og þjóð geta verið sátt við til frambúðar. Leiðin á að gefa skýra framtíðarsýn og útrýma þeirri óvissu sem nú ríkir innan sjávarútvegsins.

Með skýrum reglum til frambúðar á að vera auðsótt fyrir fyrirtæki innan greinarinnar að skipuleggja starfsemi sína fram í tímann. Helsti óvissuþátturinn mun eftir sem áður verða veiðiráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar.

Kerfið felst í því að færa lítinn hluta aflaheimilda til á hverju ári. Mögulega frá illa reknum og skuldsettum fyrirtækjum til betur rekinna fyrirtækja sem hafa lausafé til framkvæmda og vaxtar. Hvatinn að baki hugmyndinni er að koma varanlegri hreyfingu á veiðiheimildir og koma þannig í veg fyrir stöðnun innar greinarinnar. Aðgangur þjóðarinnar að auðlindinni er tryggður og arði auðlindarinnar verður loks skipt á sanngjarnan hátt milli þjóðarinnar og þeirra sem nýta auðlindina.

Mun minni líkur eru á því að sjávarútvegsfyrirtæki fari í bankarekstur eða útrás þar sem hvati er til að standa vaktina innan greinarinnar. Veðsetning óveiddra fiska verður ekki möguleg og verða fyrirtækin því að stuðla að vexti innan frá með samtíma veiðum. Greinin mótar verð aflaheimilda með eigin lausafé og kaupmætti og ætti bóllumyndum í verði því að vera nær ómöguleg. Um leið myndar verð heimilda skattlagningu greinarinnar.

Leið fyrir nýliða hefur verið mörkuð á sanngjarnan hátt til framtíðar, ekki er eingöngu gert ráð fyrir nýliðun á afmörkuðu tímaskeiði. Aðilar geta komið og farið úr greininni á eðlilegan hátt.

Rannsóknir og nýsköpun innan greinarinnar ætti að styrkjast verulega í gegnum veiðarfæragjaldið sem um leið stuðlar að þjóðhagslega hagkvæmum og vistvænum veiðum. Hugarfari í greininni er beint að hámarkun verðmæta fyrir þjóðina. Allan nýtanlegan afla, tegundir og tækifæri skal nýta.

Sterkur sjávarútvegur er til þess fallinn að fleyta þjóðina hratt úr efnahagssveiflum þar sem kaupmáttur greinarinnar eykst í hlutfalli við veikingu gjaldmiðilsins og hækkun hrávöru og matvælavæðs.

Ábati strandveiðikerfisins:

Kerfið mun gefa nýliðum og áhugamönnum tækifæri til að stunda sjómennsku og er svar við áliti Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna, ef aflamarkið er nægjanlega mikið til þess að færa megi rök fyrir því að sjómenn hafi af því atvinnu í það minnsta part úr ári.

Nýliðar hafa hvata til að færa sig úr strandveiðum yfir í almenna kerfið. Um leið og þeir eignast varanlegar veiðiheimildir mun strandveiðileyfið fynast og verða nothæft fyrir nýja aðila.

Þar sem sala strandveiðileyfis verður óheimil og aðilum verði einungis heimilt að eiga einn bát verður kerfið laust við óeðlilegt brask.

Kerfið gefur smábátum á byrjunar og áhugamannastigi framtíðarsýn þar sem nokkuð öryggi um framtíðarveltu má sjá eftir árið 2012 þ.a.l. er mögulegt að jafna fjárfestingu við tekjumöguleika næstu árin.

Fyrirkomulagið kemur í veg fyrir óhagkvæmar eða hættulegar veiðar samanborið við það fyrirkomulag sem er í gildi, ólympískar veiðar.